

Málsnúmer: 19010274
Málalykill: 220922
Bréfalykill: 13310

29.9.2022

**Fundargerð samstarfsnefndar
Þroskaþjálfafélags Íslands
og
Reykjavíkurborgar**

Fundur samstarfsnefndar Þroskaþjálfafélags Íslands og Reykjavíkurborgar var haldinn rafrænt í Microsoft Teams þann 29. september og hófst kl. 10:00.

Fundinn sátu: Laufey Gissurardóttir f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands. Rakel Guðmundsdóttir og Einar Geir Þorsteinsson, f.h. Reykjavíkurborgar.

1. PMTO meðferðarmenntun

PMTO meðferðarmenntun fór af stað haustið 2018 á vegum Endurmenntunar HÍ í samstarfi við sálfræðideild HÍ og Miðstöð PMTO. Námið er metið til 60 ECTS eininga og er ætlað fólki sem hefur lokið eða stundar framhaldsnám í háskóla í sálfræði, félagsráðgjöf eða hliðstæðum fögum.

Aðilar eru sammála um að heimilt er að meta námið sem diplómanám samkvæmt gr. 1.2.2.4 í kjarasamningi aðila enda hafi starfsmaður lokið náminu og það nýtist í starfi. Framangreint tekur gildi frá og með 1. október 2022. Þau sem luku PMTO námi fyrir árið 2018 geta fengið námið metið með sambærilegum hætti.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20.